



Bráðamóttaka barna 20D

Landspítali

sólarhringsþjónusta sími: 543 1000

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI - BARNASVIÐ

FYRSTA ÚTGÁFA DESEMBER 2004

ÖNNUR ÚTGÁFA ÓBREYTT, NÓVEMBER 2006

ÞRIÐJA ÚTGÁFA ÓBREYTT, JÚNÍ 2007

ÞESSI BÆKLINGUR ER UNNINN AF FAGFÓLKI BRÁÐAMÓTTÖKU BARNNA

ÁBYRGÐ: INGILEIF SIGFÚSDÓTTIR DEILDARSTJÓRI

OG SIGURÐUR KRISTJÁNSSON YFIRLÆKNIR

HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV

LJÓSMYND: VIGFÚS BIRGISSON



Starfsemin

Bráðamóttaka barna er opin allan sólarhringinn og geta börn dvalið á deildinni í allt að 24 klst. Bráðamóttakan er tilvisunarmóttaka sem þýðir að flest börn koma hingað eftir tilvísun frá læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki.

Meginhlutverk okkar er:

- Að veita bráðveikum börnum fyrstu meðferð.
- Að greina sjúkdóma og orsök veikinda hjá börnum.
- Að veita meðferð við sársauka og verkjum hjá börnum.
- Að veita viðeigandi meðferð og/eða leiðbeiningar um næstu skref og eftirlit.
- Að veita faglega og þjónustu sem beinist að allri fjölskyldunni, þar sem öryggi og vellíðan skjólstæðinganna er höfð að leiðarljósi.

Ef spurningar vakna um starfsemi deildarinnar, erum við ávallt reiðubúin að svara þeim. Eins kunnum við vel að meta ábendingar um það sem betur má fara. Aðalinngangur Barnaspítala Hringsins er opin 07:00 - 24:00 alla virka daga. Um helgar og á helgidögum er opið kl. 10:00 - 24:00. Utan þess tíma þarf að nota næturinnangang Landspítala, gengið inn frá Eiríksgötu.

Koma á deildina

Við komu á barnaspítalann skuluð þið gefa ykkur fram í móttökunni sem staðsett er í anddyrinu. Starfsfólki bráðamóttökunnar er þá tilkynnt um komu ykkar. Hjúkrunarfræðingur eða læknir forgangsraðar sjúklingum eftir því hversu veikir þeir eru. Ykkur er vísað inn á skoðunarstofu, þar sem barnið er skoðað og spurt er um sjúkrasögu þess.

Eftir því sem við á eru ýmsar rannsóknir gerðar, t.d. röntgenmyndataka eða blóð- og þvagrannsóknir. Einnig er oft hafin fyrsta meðferð, svo sem sýklalyfjameðferð.

Flest börn sem koma á bráðamóttökuna geta farið heim að skoðun lokinni, önnur þarf að leggja inn á legudeildir barnaspítalans til frekari meðferðar. Börn geta dvalið á bráðamóttöku barna í allt að sólarhring í eftirliti. Ætlast er til að foreldrar, forráðamenn eða aðrir aðstandendur séu með börnunum allan tímann sem þau dveljast hér.

Biðtími

Gerið ráð fyrir biðtíma sem getur verið af ýmsum ástæðum, t.d. bið eftir niðurstöðum rannsókna eða bið vegna mikils álags á deildinni.

Samvinna, skilningur og þolinmæði er mikils virði og starfsfólkið veitir upplýsingar um biðtímamann eftir því sem kostur er.

Veitingastofa Hringsins á jarðhæð og matsalur

Kvenfélagið Hringurinn starfrækir veitingastofu á barnaspítalanum. Þar eru seldar léttar veitingar. Í veitingastofunni er aðstaða fyrir fjölskyldur og starfsfólk. Opið er virka daga kl. 9:00 - 16:00. Sjálfsalar eru á jarðhæð barnaspítalans.

Gjaldtaka

Þegar meðferð er lokið á bráðamóttökunni þarf að greiða komugjald í móttökunni, auk rannsóknargjalda ef við á. Munið eftir að framvísa afsláttar- og umönnunar-kortum. Hægt er að láta senda giróseðil heim en þá bætist við innheimtukostnaður.

Með ósk um gott samstarf
Starfsfólk bráðamóttöku barna

Vinsamlega athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.